

á undan páskunum, eigum við sér í lagi að hugsa um þínu og dauða Jesú, hugsa um kærleiks-fórnina hans miklu, hugsa um, hvað það kostaði hann að frelsa okkur memmina, og hvað hann lagði á sig af kærleika til guðs og manna. Og ef við hugsum um þetta eins og við eigum að gera, þá vex trúin á hann hjá okkur, og þá vex kærleikinn til hans hjá okkur, og þá vex viljinn líka hjá okkur. Við *viljum* þá leggja meira á okkur fyrir *hann*. Og við *getum* þá líka lagt meira á okkur fyrir *hann*.

Við elskum ekki Jesúm, börn, ef við viljum ekki leggja neitt á okkur fyrir hann.

Lærið þið nú að lesa og syngja *Passíusálmana*. Þið lærið þá að hugsa um það, sem Jesús lagði á sig fyrir *ykkur*. Þið farið þá að finna til, hvernig hann elskaði *ykkur*. Og þið fáið þá löngun til þess að leggja eitthvað á *ykkur* fyrir *hann*. Þá hafið þið gagn af föstum. Og þá verða *Passíusálmarnir* ykkur líka *gimsteinn*.

Eg er viss um að þið kunnið eitthvað af versum úr þeim, t. d. „Vertu, guð faðir, faðir minn“. Og þetta: „Vaktu, minn Jesú, vakt' í mér“. Og þetta: „Hveiti-korn þektu þitt“. Alt saman vers, sem ykkur þykir vænt um. Hérna set eg svo eitt vers úr þeim, inndælt morgunvers. Lærið það, ef þið eruð ekki búin að því. Og brúkið það sem morgunbæn. Vænt þætti mér um, ef þið lærðuð að syngja það. Þið hafið mest gagn af því, ef þið syngið versin ykkar.

Árla dags uppvaknaður
ætíð eg minnst þín,
Jesú minn, hjálpar hraður;
hugsa þú æ til mín.
Árla á efsta dómi
afsökun vertu mér:
minstu þá, frelsariinn frámi,
hvað fyrir mig leiðstu hér.

Pass. 15, 17.

Gæsablómið (The Daisy).

Eftir dr. *Lyman Abbott*.

Fursti nokkur gekk út í vingarð sinn að skoða hann. Kom hann þar að aldintré einu og sagði við það: „Að hvaða gagni ert þú mér?“

Tréð svaraði: „Á vorin springa út blóm á mér, er gera loft-